

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag prófessora við ríkisháskóla
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

Markmið samningsins

Með kjarasamningi þessum er stigið mikilvægt skref til samræmingar kjara- og starfsskilyrða Félags prófessora við ríkisháskóla og annarra akademískra starfsmanna ríkisháskóla. Samningnum er ætlað að styðja við þau metnaðarfullu markmið sem ríkisháskólarnir hafa sett sér. Þeir hafa meðal annars innleitt gæðakerfi sem gerir þeim kleift að standast alþjóðleg viðmið í rannsóknum og kennslu. Um leið er gert ráð fyrir að háskólar og starfsmenn þeirra taki sífellt meiri ábyrgð á rekstri skólanna til að geta brugðist við auknum alþjóðlegum kröfum á skilvirkan hátt.

1. grein
Gildistími

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. apríl 2014 til 28. febrúar 2015 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.



2. grein Laun

Grein 1.1.1 breytist og verður sem hér segir:

Ný launatafla tekur gildi 1. maí og verður eftirfarandi:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	270.116	276.134	282.157	288.180	294.221	300.417	306.613	312.815	319.017
2	283.071	289.472	295.936	302.524	309.118	315.716	322.317	328.926	335.536
3	295.828	302.737	309.653	316.573	323.496	330.428	337.363	344.302	351.247
4	309.541	316.798	324.061	331.329	338.602	345.881	353.166	360.454	367.748
5	323.941	331.564	339.195	346.828	354.467	362.112	369.762	377.418	385.080
6	339.070	347.075	355.088	363.106	371.130	379.160	387.195	395.236	403.284
7	354.959	363.368	371.783	380.207	388.632	397.067	405.506	413.952	422.404
8	371.648	380.480	389.321	398.165	407.017	415.874	424.740	433.610	442.486
9	389.179	398.456	407.739	417.029	426.327	435.631	444.940	454.259	463.583
10	407.589	417.333	427.086	436.842	446.607	456.379	466.162	475.947	485.739
11	426.928	437.165	447.406	457.654	467.912	478.177	488.449	498.729	509.015
12	447.243	457.995	468.751	479.517	490.289	501.073	511.860	522.657	533.459
13	468.581	479.873	491.172	502.478	513.793	525.118	536.447	547.788	559.137
14	490.992	502.852	514.720	526.595	538.481	550.375	562.278	574.186	586.106
15	514.531	526.989	539.453	551.928	564.411	576.904	589.404	601.915	614.436
16	539.257	552.340	565.434	578.537	591.647	604.769	617.900	631.041	644.191
17	565.227	578.971	592.722	606.484	620.256	634.038	647.831	661.632	675.444
18	592.505	606.938	621.385	635.839	650.306	664.781	679.266	693.763	708.270
19	621.183	636.358	651.542	666.738	681.945	697.164	712.392	727.632	742.882
20	651.307	667.244	683.194	699.155	715.128	731.111	747.107	763.115	779.135
21	682.947	699.688	716.442	733.208	749.985	766.775	783.578	800.392	817.218
22	716.180	733.764	751.360	768.972	786.594	804.228	821.877	839.536	857.209

Um röðun einstakra prófessora skal farið eftir stofnanasamningi skv. 11. kafla og vera á grundvelli stigamats ríkisháskólanna sem staðfest er af matskerfisnefnd. Núverandi röðun skal höfð til hliðsjónar og tryggt að enginn lækki í launum.

3. grein Eingreiðslur á samningstímanum

Við samþykkt kjarasamnings greiðist sérstök eingreiðsla, 14.600 kr., miðað við fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í apríl 2014 og er enn í starfi 1. maí 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í apríl. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausum leyfi.

Eingreiðsla 20.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í febrúar 2015. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausum leyfi.

4. grein Breytingar á grein 1.2

Grein 1.2.1 breytist og verður sem hér segir:

1.2.1 Heimilt er að greiða prófessorum fyrir tímamælda yfirvinnu sem hér segir:

	Yfirvinna alls	þar af þjónustuyfirvinna
prófessor I og II	540 klst./ári	allt að 200 klst./ári
prófessor III	540 klst./ári	allt að 200 klst./ári
prófessor IV	468 klst./ári	allt að 200 klst./ári
prófessor V, VI og VII	420 klst./ári	allt að 200 klst./ári

Tímakaup fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi prófessors. Tímakaup fyrir aðra yfirvinnu svo sem yfirvinnu vegna kennslu er fastur taxti, 0,615% af launaflokki prófessors V.

Yfirvinnu vegna kennslu skal jafnan greiða það ár sem hún er unnin.

Grein þessi er efnislega samhljóða grein 6.5 í stofnanasamningi Háskóla Íslands við Félag prófessora við ríkisháskóla og stefnt er að því að fella þessa grein inn í stofnanasamninga annarra ríkisháskóla.

5. grein Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 73.600 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 39.500 kr.

6. grein Framlagning vaktskrár

2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24 klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

7. grein
Vinnusókn og ferðir


- 5.4.4 Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 1,5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslur ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

8. grein
Atkvæðagreiðsla


Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 16. desember 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 25. nóvember 2014

f.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármála- og efnahagsráðherra


Einar L. Þorsteinsson
Guðrún J. Guðmundsd.

f.h. Félags prófessora við ríkisháskóla
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna


Rúnar Lillýsill
Þorlfr Mattler
Magnús Garðarsson

B Ó K A N I R

með kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags prófessora við ríkisháskóla dags. 25. nóvember 2014

Bókun 1

Samkomulag tiltekinna aðildarfélaga BHM og fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 28. maí 2014, varðandi viðræðuáætlun og önnur atriði svo sem fyrirkomulag á 0,1% viðbótarframlagi til fræðslumála gildir einnig um þennan samning og verður hluti hans frá 1. desember 2014.

Bókun 2

Ríkisháskólar ráða í prófessorsstöður að undangengnu umsóknar- og matsferli sem lýst er í lögum og reglum háskólanna. Almennt gildir að starf lektors og/eða dósentis er undanfari ráðningar í stöðu prófessors.

Gerðar eru ríkari kröfur til prófessors en annarra háskólakennara að því er varðar rannsóknir, kennslu, stjórnun og þjónustu. Nú stendur yfir vinna að frekari skýrgreiningu þeirra krafna. Til þess að fá ráðningu í starf prófessors þurfa umsækjendur að hafa umfangsmikinn rannsóknaférl að baki og hafa sýnt frumkvæði og forystu í rannsóknum sem standast alþjóðlegar kröfur. Þeir þurfa jafnframt að hafa farsælan kennsluferil að baki og hafa náð góðum árangri í kennslu og leiðbeiningu á grunn- og framhaldsstigi í háskóla. Jafnframt eru gerðar ríkari kröfur til þeirra um stjórnunarlega ábyrgð og faglega forystu innan háskóla- og fræðasamfélagsins.

Mikilvægt er að framgangsreglur ríkisháskólanna verði endurskoðaðar og skýrari starfsskilgreining verði til í samræmi við ofangreint. Þar sem bein röðunarákvæði prófessora hverfa úr miðlægum kjarasamningi skal kveða á um í stofnanasamningi hver röðun prófessora er og þar skal meðal annars tekið tillit til þeirrar ábyrgðar og starfa sem þeim eru ætluð.